

Síminn flýtir uppbyggingu Ljósnets á landsbyggðinni

Til: Jónasar Vigfússonar

Frá: Sævari Frey Práinssyni, forstjóra Símans

Dagsetning: 6. febrúar 2013

Við erum á leiðinni til ykkar í Hrafnagil

Síminn hefur ákveðið að setja upp Ljósnet á 53 þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni á árinu. Það þýðir að allt að sextán þúsund heimili – öll á landsbyggðinni – bætast við fyrri áætlanir Símans um að tengja Ljósnetið inn á 100 þúsund heimili um mitt næsta ár.

Þessi ákvörðun sýnir þá áherslu sem Síminn leggur á landsbyggðina. Nú hefjum við uppbyggingu á þessum 53 stöðum og biðum með að tengja á jöðrum þeirra að sinni. Þannig náum við að Ljósnetvæða þúsundir heimila fyrir það fé sem hefði kostað að tengja Ljósnetið á jöðrum fárra þéttbýlisstaða.

- Með því að fara þessa leið fá þúsundir heimila og fyrirtækja háhraðanet mun fyrir en ella.

Ákvörðunin bætir hag landsmanna. Innanríkisráðuneytið hefur gefið út að 1.000 nýjar háhraðatengingar leiði til um 80 nýrra starfa. Fjölgi breiðbandstengingum um 10% leiði það til 1% aukningar í þjódarframleiðslu og þrefaldist tengingarhraði aukist þjódarframleiðsla um 0,6%.

- Með Ljósnetinu verður netið öflugra, hraðinn meiri og styttri tíma tekur að senda frá sér gögn.

Með þessu bréfi langar mig að útskýra kosti þessarar ákvörðunar og halda forystumönnum sveitarfélaganna upplýstum. Tafarlaus uppsetning Ljósnetsins þýðir í flestum tilvikum að meirihluti bæjarbúa fær Ljósnet. Við hjá Símanum þurfum lengri tíma til að tengja þau heimili við Ljósnetið sem standa utan kílómetra línulengdar frá símsstöð og metum þörfina í framhaldinu.

En af hverju þessir 53 staðir umfram aðra? Valinu ræður: a) stærð staðanna, b) tengingar til þeirra og c) staðsetning símsstöðvanna í bæjarfélaginu. Við viljum ná til sem flestra.



Þetta er stórt skref fyrir Símann og hefur áhrif á mörg minni sveitarfélögin í hópnum, sem hefðu annars þurft að biða þess að háhraðanet yrði lagt til allra heimila á stærri stöðum áður en röðin kæmi að þeim.

Við hjá Símanum förum þessa leið því að við gerum okkur fulla grein fyrir því að fjarskipti skipa lykilsess í grósku samfélaga. Með ákvörðuninni viljum við skapa tækifæri fyrir landsmenn að hasla sér völl þar sem þeir helst kjósa. Þetta er fyrsta skrefið til þess.



Sævar Frey Práinsson,
forstjóri Símans.



Svör við spurningum sem gætu vaknað

• Hvað er Ljósnet?

Segja má að Ljósnet Símans byggi á því að settur er fjarskiptabúnaður í símsstöðvar og götuskápum bætt við línakerfið svo þjónusta megi þá sem eru langt frá símsstöð. Götuskápar eru ljósleiðaratengdir og efninu fleytt þaðan í gegnum símalínurnar heim í hús.

• Hversu margir hafa Ljósnet?

62 þúsund heimili geta nú nýtt Ljósnetið. Með þessari ákvörðun er stefnt að því að þau verði orðin allt að 116 þúsund um mitt næsta ár. Uppbyggingin hefur verið hröð. Hún hefur aðeins staðið frá árinu 2009.

• Er þetta séríslensk tækni?

Þetta er aðferð sem flest evrópsk fjarskiptafyrirtæki hafa kosið að nýta og er talið að allt að 90% evrópskra heimila muni kjósa þessa tækni á næstu árum. Þótt mörgum finnist margföldun á núverandi hraða æði mikið sýna rannsóknir að enn megi auka hann verulega.

• Er Ljósnetið eitthvað síðra úti á landi?

Ljósnetstækni Símans á landsbyggðinni er sú sama og á höfuðborgarsvæðinu. Hraðinn er allt að 50 Mb/s við niðurhal og 25 Mb/s við upphal en dregur úr eftir því sem heimilin standa fjær símsstöð. Hámarkshraði mun fyrirsjáanlega aukast á komandi árum. Með þessari ákvörðun er ljóst að sveitarfélagið þitt verður á undan allnokkrum hverfum á höfuðborgarsvæðinu, sem biða eftir að fá Ljósnetið.

• Verður að skipta við Símann til að fá þessa þjónustu?

Uppfærsla netsins er heildsölulausn hjá Símanum sem gerir öðrum fjarskiptafyrirtækjum og internetveitum kleift að bjóða þjónustu sína á netum Símans.

• Hvað breytist við komu Ljósnetsins?

Nethraðinn eykst og fleiri möguleikar bjóðast í Sjónum Símans.

• Hvaða staðir eru þetta?

Akranes, Bakkafjörður, Bíldudalur, Blönduós, Bolungarvík, Breiðdalsvík, Búðardalur, Dalvík, Djúpvogur, Egilsstaðir, Eskifjörður, Eyrarbakki, Fáskrúðsfjörður, Flateyri, Flúðir, Garður, Grundarfjörður, Hafnir, Hella, Hellissandur, Hnífsdalur, Höfn, Hrafnagil, Húsavík, Hvammstangi, Hveragerði, Hvolsvöllur, Ísafjörður, Keflavík, Kjalarnes, Neskaupstaður, Njarðvík, Ólafsfjörður, Ólafsvík, Patreksfjörður, Reyðarfjörður, Sandgerði, Sauðárkrúkur, Selfoss, Seyðisfjörður, Siglufjörður, Skagaströnd, Stöðvarfjörður, Stokkseyri, Stykkishólmur, Suðureyri, Tálknafjörður, Vestmannaeyjar, Vík, Vopnafjörður, Þingeyri, Þorlákshöfn, Þórshöfn.

• Hvaða staðir fá nú í fyrsta sinn fulla sjónvarpsþjónustu?

Þórshöfn, Stöðvarfjörður, Bakkafjörður, Breiðdalsvík, Búðardalur, Tálknafjörður, Suðureyri, Þingeyri, Flateyri, Bíldudalur og Hnífsdalur. Með komu Ljósnetsins eflist einnig ADSL þjónusta Símans. Hraðinn eykst og íbúar fá loksins fulla sjónvarpsþjónustu. Það þýðir að heimilin geta m.a. fengið aðgang að yfir 100 sjónvarpsstöðvum, leigt myndir í SkjáBíói, séð útsendingar í háskerpu og fengið allt að fimm myndlykla fyrir heimilið. Áskrifendur að Sjónum Símans geta einnig nýtt sér Tímaflakkið, sem gerir þeim kleift að velja dagskrárliði sjónvarpsstöðva sólarhring aftur í tímann og stjórna því hvenær þeim hentar að horfa.